

## REGLUGERÐ

### um flokkun loftfara.

1. **ALMENNT.**
- 1.1. Loftför skal flokka samkvæmt neðanskráðum reglum, sem eiga við flugvélar, þyrlur og svifflugur.  
Flugmálastjórn ákveður gildissvið reglnanna, að því er tekur til annarra loftfara í hverju einstöku tilviki.
2. **FLOKKUNARKERFI.**
- 2.1. Flugmálastjórn skiptir loftförum eftir flokkum, deildum og notkunarsviðum samkvæmt neðangreindum ákvæðum:
  - 2.1.1. **Normalflokkur.**  
Deildir normalflokks:
    - a) flutningar.
    - b) almennt.
  - 2.1.1.1. Notkunarsvið deilda normalflokks:
    - a) farþegaflug.
    - b) vöruflyg.
    - c) sérflug.
    - d) einkaflug.
  - 2.1.2. **Sérflokkur.**  
Um notkunarsvið sjá gr. 3.3.
  - 2.1.3. **Tilraunaflokkur.**  
Um notkunarsvið sjá gr. 3.3.  
Ath. við 2. gr. Flugmálastjórn skráir flokk, deild og notkunarsvið loftfars á lofthæfisskírteini þess.  
Dæmi: — NORMAL/ALMENNT/FARÞEGAR  
— TILRAUNA/EINKA
3. **NOTKUN LOFTFARS MEÐ HLIÐSJÓN AF FLOKKUN ÞESS.**
- 3.1. Loftfar má, með hliðsjón af flokkun þess, nota í því skyni sem að neðan greinir.
  - 3.1.1. **Flokkar og deildir.**
  - 3.1.1.1. Loftför í normalflokki, sem falla undir deildirnar „flutningar“ eða „almennt“, eru viðurkennd til venjulegs flugs og takmarkaðs listflugs sem nánar er kveðið á um í flughandbók og/eða tegunarskírteini loftfarsins.
  - 3.1.1.2. Loftför, sem heyra til „sérflokki“ eða „tilraunaflokki“, eru einungis viðurkennd til þess flugs sem nánar er kveðið á um í flughandbók eða rekstrarfyrirmælum loftfaranna.
- 3.2. Notkunarsvið normalflokks.
- 3.2.1. Loftfar í notkunarsviði „farþegar“ er viðurkennt til farþegaflugs í atvinnuskyni. Svo framarlega sem loftfarið fullnægi öðrum gildandi kröfum um loft-

hæfi svo sem hönnun, afköst, búnað o. fl. má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi.

3.2.2. Loftfar í notkunarviði „vörur“ er viðurkennt til vöruflutninga í atvinnuskyni. Svo framarlega sem loftfarið fullnægi öðrum gildandi kröfum um lofthæfni svo sem um hönnun, afköst og búnað o. fl. má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi, þó ekki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

3.2.3. Loftfar í notkunarviði „sérflug“, er viðurkennt, ef undan er skilið flug með farþega og vörur, til slíks flugs svo framarlega sem loftfarið fullnægi gildandi kröfum um lofthæfi að því er varðar hönnun, afköst, búnað o. fl. og má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi og einkaflugi, skv. lið 3.2.4. hér á eftir.

3.2.4. Loftfar í notkunarviði „einkaflug“ skal fullnægja gildandi kröfum er varða hönnun, afköst, búnað o. fl. um það flug, sem það er notað til. Slíkt flug má ekki vera í atvinnuskyni.

Aths. Fólk og vörur, sem nauðsynlegar eru um borð við flugstarfsemi þá sem flokkunin gefur til kynna, eru heimilaðar án þess að starfsemin sé flokkuð undir „flutningur á farþegum og vörum í atvinnuskyni.“

3.3. Notkunarvið sérflokks og tilraunaflokks.

Loftför í „sérflokk“ eða „tilraunaflokk“ má einungis nota til þess sem þau eru ætluð. Notkunarviðið skal staðfest með sérstakri áritun í lofthæfisskírteini eða/og flughandbók.

#### 4. FLOKKUNARKRÖFUR.

4.1. Flokkar og deildir.

4.1.1. Í deild „flutningum“ í normalflokki eru loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða flugvélar:

US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 25 Airworthiness Standards: Transport Category Airplanes eða JAR 25, Large Aeroplanes.

b) Þegar um er að ræða þryllur:

US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 29 Airworthiness Standards: Transport Category Rotorcraft, og

c) Önnur hönnunarákvæði sem fullnægja kröfum viðbættis 8 við stofnsamning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sbr. l. 45/1947 og flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.2. Undir deildina „almennt“ í normalflokki heyra loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða svifflugur og hreyfilsvifflugur:

Luftfahrt Bundesamt Lufttüchtigkeitsforderungen für Segelflugszeuge und Motorsegler (LFSM) og British Civil Airworthiness Requirements Section E, Sub-Section E 2.

b) Þegar um er að ræða flugvélar:

US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 23 Airworthiness Standards: Normal, Utility and Acrobatics Category Airplanes.

c) Þegar um er að ræða þryllur:

US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 27 Airworthiness Standards: Normal Category Rotorcraft, og

d) Önnur hönnunarákvæði sem flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.3. Undir „sérflokk“ falla loftför, sem ekki eru álitin fullnægja alveg hönnunarkröfum um lofthæfi, skv. ákvæðum sem fram koma í gr. 4.1.1. og 4.1.2. en hafa með því að fullnægja fastákveðnum eða sérstaklega viðurkenndum

lofthæfiskröfum, sem settar eru af flugmálastjórn, náð fullnægjandi lofthæfi með hliðsjón af notkuninni. Þær takmarkanir á notkunarviði loftfars, sem ákveðnar eru í hlutaðeigandi tilviki, skal færa inn í flughandbók loftfarsins og/eða eru hluti af rekstrarfyrirmælum þess.

4.1.4. Í „tilraunaflokki“ eru ný frumsmíðuð loftför sem verið er að reyna, auk loftfara sem smíðuð eru af ófaglærðum aðiljum. Einnig eru í þeim flokki loftför sem ekki fullnægja hönnunarákvæðum um lofthæfi, skv. liðum 4.1.1. og 4.1.2., en flugmálastjórn telur þó fullnægja lofthæfiskröfum til takmarkaðrar notkunar. Fyrir tilraunaloftför eru takmarkanirnar skráðar á flugtilraunaleyfið en fyrir önnur loftför í flughandbók þeirra og/eða rekstrarfyrirmæli. **Aths. við gr. 4.1.:**

- a) Loftför í normalflokki og sérflokki eru talin fullnægja ákvæðum um lofthæfi í 33. gr. l. 45/1947.
- b) Loftför í tilraunaflokki eru ekki talin fullnægja lofthæfiskröfum skv. aths. a. Skv. 40. gr. l. 45/1947 má flug með slíku loftfari yfir yfirráðasvæði annars lands einungis eiga sér stað eftir að hlutaðeigandi land hefur gefið til þess leyfi.

4.2. **Notkunarvið.**

4.2.1. Loftfar er skráð í því notkunarviði skv. lið 2.1.1.1. sem við á með hliðsjón af þeim lofthæfisákvæðum sem þau fullnægja, skv. lið 4.1.1. eða 4.1.2.

4.2.2. Svifflugur og hreyfilssvifflugur eru taldar til notkunarviðsins „einkaflug“.

5. **REFSIÁKVÆÐI OG GILDISTAKA.**

- 5.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.
- 5.2. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 19. maí 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## **REGLUGERÐ**

### **um eldsneytisáfyllingu loftfara.**

1. **ALMENNT.**

- 1.1. Farið skal eftir reglum þessum við áfyllingu eldsneytis á öll loftför hvar sem áfyllingin fer fram.
- 1.2. Áfylling skal fara fram undir stjórn hæfs manns, sem sá aðili (olíufélag) tilnefnir er eldsneytið afhendir og sem ber ábyrgð á eldsneytisafgreiðslunni. Þessi maður ber ábyrgð á að áfyllingin sé framkvæmd í samræmi við reglur þær sem hér eru greindar, svo og í samræmi við fyrirmæli flugstjóra loftfarsins. Ef enginn starfsmaður afhendingaraðila er viðstaddur áfyllinguna ber flugstjórinn einn alla ábyrgð á henni.
- 1.3. Auk reglna þessara skal farið eftir reglum þeim, sem gilda um hlutaðeigandi flugvöll, og reglum hlutaðeigandi olíufélags.